



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LÆKNAEILD



HEILBRIGÐISGAGNAFRÆÐI



Er heilbrigðisgagnafræði eitthvað fyrir þig?

- Hefur þú áhuga á fjölbreyttu starfi innan heilbrigðiskerfisins?
- Viltu öðlast þekkingu á upplýsinga- og skjalastjórnun?
- Hefur þú áhuga á stuttu og hagnýtu námi?
- Hefurðu áhuga á meðhöndlun heilbrigðis- og persónuupplýsinga?

Þá er nám í heilbrigðisgagnafræði spennandi kostur fyrir þig.

Hvað gera heilbrigðisgagnafræðingar?

Heilbrigðisgagnafræðingar eru sérmenntuð heilbrigðisstétt. Þeir hafa sérþekkingu á meðhöndlun heilbrigðisgagna, gæðastöðlum, skilvirkni skráningar og lagaumhverfi heilbrigðisþjónustunnar. Starfið felur m.a. í sér skipulega skráningu heilbrigðisupplýsinga,

úrvinnslu og vistun, umsjón með kóðun sjúkdóma og aðgerða. Þá hafa þeir eftirlit með meðferð upplýsinga í nánú samstarfi við aðrar heilbrigðisstéttir enda er þverfagleg teymisvinna mikilvægur hluti starfsins. Skjalastjórnun, sjúklingabókhald, skýrslugerð, gæðaeftirlit, útgáfa og kennsla í notkun rafrænnar sjúkraskrár eru meðal helstu verkefna. Heilbrigðisgagnafræðingar gegna lykilhlutverki varðandi heildstæða umsjón heilbrigðisupplýsinga og sjá til þess að öryggi og aðgengi sé tryggt. Engin önnur stétt á heilbrigðisstofnunum hefur í raun eins góða innsýn í hvað þarf til að ferill skráningar, aðgengi og talning sé áreiðanleg.

Starfsvettvangur

- Heilbrigðisstofnanir
- Fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu
- Lyfjafyrirtæki
- Stofnanir s.s. Virk, Sjúkratryggingar Íslands, einkareknar læknastofur
- Rannsóknarteymi/vísindarannsóknir





Nám í heilbrigðisgagnafræði

Fagháskólanám í heilbrigðisgagnafræði er 90 eininga fræðilegt og starfstengt nám sem veitir réttindi til að starfa sem heilbrigðisgagnafræðingur. Til að hefja nám skal umsækjandi hafa íslenskt stúdentspróf eða sambærilegt próf frá erlendum skóla. Heimilt er að meta og taka nemendur inn í námið sem uppfylla ekki kröfu um stúdentspróf.

Námið er skipulagt sem 60 eininga fræðilegt nám í hlutanámi í tvö ár og í framhaldi af því er 30 eininga starfsnám í 15 vikur og fer það fram á heilbrigðisstofnunum. Fyrirkomulag námsins er blandað og m.a. er notast við fjarnám með staðlotum. Starfsnám fer fram á Landspítala, heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum í Reykjavík og á landsbyggðinni.

Upplýsingar um námið

Námsbraut í heilbrigðisgagnafræði hefur aðsetur innan Læknadeildar á Heilbrigðisvísindasviði í Læknagarði við Vatnsmýrarveg. Markmiðið er að mennta heilbrigðisgagnafræðinga sem að loknu námi búa yfir fjölbættri þekkingu til að sinna margvíslegum störfum innan heilbrigðiskerfisins.

Í náminu er m.a. kennd upplýsinga- og skjalastjórnun, líffærafræði, lyfjafræði, sjúkdómafræði, þverfræðileg samvinna í heilbrigðisvísindum, stjórnun þekkingar og gæða, auk ensku fyrir heilbrigðisgagnafræðinga.

Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi í rannsóknum og nýsköpun á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki við menntun heilbrigðisstarfsfólks hér á landi.

Rannsóknir og nýsköpun

Margir fremstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Fjöl margar rannsóknastofnanir starfa í tengslum við sviðið og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og framþróun.

Öflug tengsl við atvinnulíf

Fjöldi framsækinnra fyrirtækja úr atvinnulífinu tengjast rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Vísindafólk við sviðið hefur öflug tengsl við atvinnulífið. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Landspítala, Hjartavernd, DeCode, Össur, Alvogen, Matis, Heilsugæsluna og fjölda sprotafyrirtækja.

Læknadeild · Læknagarði, 4. hæð · Vatnsmýrarvegi 16, · 101 Reykjavík · Sími: 525 4881 · Fax: 525 4884 · medicine@hi.is · www.laeknadeild.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LÆKNADEILD